



Samtök
orkusveitarfélaga
Stefnumörkun og starfsáætlun

Nóvember 2024

Staðan í dag og stefna til ársins 2026

Samtök orkusveitarfélaga voru stofnuð 25. nóvember 2011 og samkvæmt 3. gr. samþykktu er tilgangur samtakanna þessi:

- Að standa vörð um hagsmuni aðildarsveitarfélaga í öllum málum sem tengjast byggingu orkuvera og virkjana, orkunýtingar, fjárhagslegum hagsmunum í þessu sambandi og umhverfismálum.
- Að taka þátt í mótun reglna um skattlagningu virkjana og orkufyrirtækja ásamt öðrum fjárhagslegum og umhverfislegum atriðum sem tengjast nýtingu orkuauðlinda.
- Að taka þátt í mótun orkustefnu með áherslu á stöðu vatnsafls og jarðvarma sem sjálfbærrar orkuframleiðslu.
- Að miðla upplýsingum og reynslu meðal aðildarsveitarfélaga um málaflokkinn.
- Að vinna að hvers konar sameiginlegum hagsmunamálum, s.s. vinnu við gerð laga og reglugerða sem varða orkumál og nýtingu jarðvarma og vatnsafls og stuðla að fræðslu og kynningu á málum sem því tengjast.

Staðan í dag


Sveitarfélög sem fulltrúar nærsamfélagsins fá litlar og sum staðar engar tekjur af orkuvinnslu þrátt fyrir að verða fyrir bæði beinum og óbeinum áhrifum af þeirri vinnslu. Þrátt fyrir starfshópa á vegum ríkisins og ýmis samtöl hafa engar breytingar átt sér stað í lagaumhverfinu er tryggir samfélagslegan ávinning til nærsamfélagsins.

Mikil samstaða er hjá sveitarfélögunum um að aðgerða er þörf sem fyrst og að nærsamfélagið verði að fá meiri hag af því að hafa orkuvinnslu innan síns svæðis.

Stefna til ársins 2026

Til staðar sé skýr lagarammi um nýtingu orkuauðlinda sem tryggi fjárhagslegan og samfélagslegan ávinning fyrir landsmenn og nærsamfélög.

Stuðlað verði að jafnræði fyrir fyrirtækjarekstur og búsetu á landsvísu með jöfnun dreifingarkostnaðar raforku.



Hvað hefur áunnist síðustu ár

- Kvörtun til ESA vegna skattaívilnunar til raforkufyrirtækja. Þann 12. maí 2021 var send formleg kvörtun til ESA vegna skattaívilnunar til raforkufyrirtækja. Þann 18. maí sama ár barst svar frá ESA þar sem gefið var færi á að gefa nánari skýringar og var því svarað í júní. Í september 2021 barst svar bréf frá ESA þar sem tilkynnt var um að gert sé ráð fyrir frekari viðbrögðum vegna málsins innan næstu 12 mánaða. Svarbréf barst frá ESA vegna skattaívilnunar til raforkufyrirtækja í febrúar 2023 og kom fram í svarbréfinu að ESA hyggst ekki gera neitt „að svo stöddu“. Að mati Jóns Jónssonar lögmanni hjá lögmannstofunni Sókn og lögmanni samtakanna í þessu máli væri mögulega hægt að opna málið hjá ESA síðar meir ef fram kæmu nýjar upplýsingar sem gætu haft áhrif á málið.
- Árið 2022 réð stjórn Samtaka orkusveitarfélaga KPMG til að stýra vinnu við að uppfæra stefnumörkun samtakanna. Vinnufundur var haldinn með aðildarsveitarfélögum þann 27. janúar 2023 og í framhaldinu vann stjórn áfram þær hugmyndir er þar komu fram. Niðurstaða þeirrar vinnu var þessi stefnumörkun og starfsáætlun sem nú þegar er komin til framkvæmda og mun núverandi stjórn vinna áfram að árin 2024-2026.
- Stjórn Samtaka orkusveitarfélaga fundaði með starfshóp um vindorku 2022-2023 og kom á framfæri þeim álitamáli er tengjast uppbyggingu vindorku á Íslandi meðal annars er snúa að skipulagsvaldi sveitarfélaga, skilgreiningu nærumhverfis, álitamál er varða tekjur nærsamfélagsins af virkjanakosti af þessu tagi og mörgum fleiri álitamáli. Stjórn samtaka orkusveitarfélaga hefur skilað inn umsögnum um málið á öllum stigum málsins, um vindorkuskýrsluna, um frumvarp til laga um breytingu á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun og um tillögu til þingsályktunar um stefnu stjórnvalda um uppbyggingu vindorku á Íslandi. Enn hefur hvorki frumvarpið né þingsályktunartillagan verið staðfest af Alþingi og bíða samtökin því átekta hvað verður í þessu máli.


Starfsnefnd Samtaka orkusveitarfélaga

Stofnuð var starfsnefnd í febrúar 2023 sem hafði það hlutverka að vinna tillögur að breytingum hvað varðar tekjur sveitarfélaga af orkuframleiðslu, leggja fram drög að nýju lagaumhverfi um orkuvinnslu á Íslandi og koma á virku samtali allra hagaðila í samráði við stjórn samtaka orkusveitarfélaga. Starfsnefndin fundaði sex sinnum, starfsnefndin hélt vinnustofu með aðildarsveitarfélögum, tvo upplýsingafundi og að lokum voru haldnir tvennir aukaaðalfundir Samtakanna til að staðfesta tillögur starfsnefndar.

Starfshópur um skattalegt umhverfi orkuvinnslu

Fulltrúar stjórnar sátu fundi með starfshópi á vegum fjármála- og efnahagsráðuneytisins sem skoðaði skattalegt umhverfi orkuvinnslu og var skipaður í júní 2023. Markmið starfshópsins var að skapa nýja skattalega umgjörð og leiðir til að tryggja að ávinningur vegna nýtingar auðlinda og orkuvinnslu skili sér í ríkari mæli til nærsamfélaga og þeirra aðila sem fyrir áhrifum verða.

Starfshópurinn skilaði af sér skýrslu í byrjun árs 2024 en í skýrslunni er m.a. tíðrætt um tillögur Samtaka orkusveitarfélaga. Niðurstaða fjármálaráðuneytisins var að afnema skuli undanþágu á fasteignamatsskyldu strax og sérstakt skattþrep lögfest vegna virkjunarmannvirkja. Jafnframt voru tillögur starfshópsins um að tengja jöfnunarsjóðinn við þessa vinnu. Stjórn Samtaka orkusveitarfélaga bíður enn eftir að sjá frumvarp og útfærslur um tillögur starfshópsins frá ráðuneytunum.



Lykilmarkmið



Innheimta skatta og auðlindarentu

Sameina orkusveitarfélög um ákjósanlegar leiðir til innheimtu sanngjarnra skatta og auðlindarentu er að fela í sér auknar tekjur til nærsamfélagsins sem verður fyrir áhrifum af orkuvinnslu.



Jafna raforkuverð

Unnið verði að því að kostnaður við dreifingu rafmagns sé ekki hærri í dreifbýli enda er óeðlilegt að nærsamfélagið greiði herra verð fyrir dreifingu rafmagns ásamt því að Ísland er orðin einn markaður með tilkomu raforkubíla.

Innheimta skatta og auðlindarentu

Markviss hagsmunagæsla

Efla samstöðu

Móta stefnu og lagaumhverfi

Jafna raforkuverð



Efla samstöðu

Leitað verði leiða til sameina sveitarfélög um útfærslu á innheimtu skatta og auðlindarentu til nærsamfélagsins ásamt því að efla samstöðu sveitarfélaga til að þrýsta á framkvæmda- og löggjafavaldið til að innleiða tillögur samtakanna um leiðir til innheimtu sanngjarnra skatta og auðlindarentu.




Móta stefnu og löggjöf

Unnið verði með stjórnvöldum að mótun stefnu og lagaumhverfi um uppbyggingu og starfsemi vindorkuvera. Einnig skal stutt við aðildarsveitarfélög þegar kemur að ákvörðunartöku um virkjun vindorku innan þeirra.



Markviss hagsmunagæsla

Farið verði í markvissa markaðssetningu á tillögum Samtaka orkusveitarfélaga um breytta löggjöf við innheimtu sanngjarnra skatta og auðlindarentu sem og öðrum markmiðum samtakanna.



Innheimta skatta og auðlindarentu



Markmið

Sameina orkusveitarfélög um ákjósanlegar leiðir til innheimtu sanngjarnra skatta og auðlindarentu er að fela í sér auknar tekjur til nærsamfélagsins sem verður fyrir áhrifum af orkuvinnslu.



Staðan í dag

Nærsamfélagið hefur lítinn fjárhagslegan ávinning af orkuvinnslu nema í formi fasteignaskatta en orkumannvirki eru þó að miklu leyti undanþegin fasteignamati og fasteignasköttum.




Aðgerðir

- Fá tækifæri til samtals við Innviðaráðuneytið um mótun tillagna að ávinningi nærsamfélaga af orkuvinnslu.
- Fá samtal og aðild á öllum stigum málsins.



Hver og hvenær?

Stjórn Samtaka orkusveitarfélaga.
Unnið árin 2024-2026.



Efla samstöðu



Markmið

Leitað verði leiða til sameina sveitarfélög um útfærslu á innheimtu skatta og auðlindarentu til nærsamfélagsins ásamt því að að efla samstöðu sveitarfélaga til að þrýsta á framkvæmda- og löggjafavaldið til að innleiða tillögur samtakanna um leiðir til innheimtu sanngjarnra skatta og auðlindarentu.



Staðan í dag

Sveitarfélög hafa sammælst um leiðir til að þrýsta á breytingar og munu nú margvisst þrýsta á breytta löggjöf m.a. í skattlagningu orkuvinnslu.




Aðgerðir

- Sameina sveitarfélög um leiðir til að þrýsta á framkvæmdavald og löggjafavald til að innleiða tillögur samtakanna.
- Þrýsta á að samtökin fái sæti við borðið þegar verið að er að ræða málefni er snerta aðildarsveitarfélög samtakanna.
- Skoðaðar verði fleiri leiðir til að efla frekari samstöðu orkusveitarfélaga í málaflokknum.



Hver og hvenær?

Stjórn Samtaka orkusveitarfélaga.
Alltaf í gangi.



Jafna raforkuverð



Markmið

Unnið verði að því að kostnaður við dreifingu rafmagns sé ekki hærri í dreifbýli enda er óeðlilegt að nærsamfélagið greiði hærra verð fyrir dreifingu rafmagns ásamt því Ísland er orðin einn markaður með tilkomu raforkubíla.



Staðan í dag

Landsbyggðin greiðir víða hærra raforkuverð jafnvel þótt orkuvinnsla eigi sér stað í nærsamfélaginu.




Aðgerðir

- Stjórn vinni í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga við að þrýsta á framkvæmdavald og löggjafann til að ná fram nauðsynlegum laga- og/eða gjaldskrárbreytingum.
- Samstarf með Samtökum sveitarfélaga á köldum svæðum.



Hver og hvenær?

Stjórn Samtaka orkusveitarfélaga í samstarfi við Samband íslenskra sveitarfélaga.
Unnið árin 2024-2026.



Móta stefnu og löggjöf um vindorku



Markmið

Unnið verði með stjórnvöldum að mótun stefnu og lagaumhverfi um uppbyggingu og starfsemi vindorkuvera. Einnig skal stutt við aðildarsveitarfélög þegar kemur að ákvörðunartöku um virkjun vindorku innan þeirra.



Staðan í dag

Skortur er á framtíðarsýn og stefnu stjórnvalda þegar kemur að starfsemi vindorkuvera. Ekkert samkomulag er um eðlilegt skattaumhverfi þeirra né endurgjald til sveitarfélaganna sem fulltrúa nærsamfélagsins.



Aðgerðir


- Stjórn vinni, í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga, við að þrýsta á framkvæmdavald og löggjafarvald til að ná fram nauðsynlegum lagabreytingum.
- Stjórn samtakanna láti útbúa leiðarvísi fyrir aðildarsveitarfélög um helstu atriði er sveitarfélög þurfa að hafa í huga þegar teknar eru ákvarðanir tengdar vindorkuverum og vindmyllum.



Hver og hvenær?

Stjórn Samtaka orkusveitarfélaga í samstarfi við Samband íslenskra sveitarfélaga.

Unnið árin 2024-2026.



Markviss hagsmunagæsla



Markmið

Farið verði í markvissa markaðssetningu á tillögum Samtaka orkusveitarfélaga um breytta löggjöf við innheimtu sanngjarnra skatta og auðlindarentu sem og öðrum markmiðum samtakanna.

Markhópurinn er ráðherrar, ráðuneyti, viðeigandi stofnanir, þingmenn, orkufyrirtæki, sveitarstjórnarfolk og almenningur.



Aðgerðir

- Stjórn setur fram tímasetta áætlun um hvernig samtökin og sveitarfélögin, í samstarfi við Samband íslenskra sveitarfélaga, geta markvisst unnið tillögum samtakanna fylgi með að fyrir augum að þær verði að lögum.
- Stjórn fylgir eftir umræddri áætlun.




Staðan í dag

Sveitarfélög hafa ekki myndað samstöðu um tillögur og því hefur ekki verið hægt að fara í markvissa sameiginlega markaðssetningu um mikilvægi ávinnings nærsamfélagsins af orkuvinnslu.



Hver og hvenær?

Stjórn Samtaka orkusveitarfélaga.
Unnið árin 2024-2026.



Minnisblað starfsnefndar Samtaka orkusveitarfélaga

Tilgangur og markmið Samtaka orkusveitarfélaga

Tilgangur samtakanna er að standa vörð um hagsmuni aðildarsveitarfélaga í öllum málum sem tengjast byggingu orkuvera og virkjana, orkunýtingar, fjárhagslegum hagsmunum í þessu sambandi og umhverfismálum. Að auki að taka þátt í mótun reglna um skattlagningu virkjana og orkufyrirtækja ásamt öðrum fjárhagslegum og umhverfislegum atriðum sem tengjast nýtingu orkuauðlinda.

Stefnumótun Samtaka orkusveitarfélaga

Í kjölfar vinnustofu um stefnumótun orkusveitarfélaga í byrjun árs 2023 var skipuð starfsnefnd sem hafði það hlutverk að vinna tillögur að breytingum hvað varðar tekjur sveitarfélaga af orkuframleiðslu, leggja fram drög að nýju lagaumhverfi um orkuvinnslu á Íslandi og koma á virku samtali allra hagaðila í samráði við stjórn Samtaka orkusveitarfélaga.

Niðurstöður þessarar starfsnefndar er að finna í þessu minnisblaði.

Ákvörðunarvald um virkjanaframkvæmdir

Alþingi ákveður hvar verður virkjað í rammaáætlun hverju sinni og ber sveitarfélögum að taka það inn í skipulagsáætlanir samkvæmt lögum

Ávinningur nærsamfélagsins

Núverandi staða er sú að aðeins lítt hluti ávinnings af orkuframleiðslu verður eftir í nærsamfélagi orkuframleiðslu, þrátt fyrir mikil neikvæð bein og óbein áhrif séu til staðar í nærsamfélaginu.

Núverandi ávinningur nærsamfélagsins af virkjunum er aðeins fasteignagjöld af hluta þeirra orkumannvirkja sem ekki eru undanþegin fasteignamati og fasteignaskatti.

Ávinningur framleiðslu rafmagns er minnstur þar sem orkan er framleidd og mest þar sem orkan er nýtt og eru flest sérfræðistörf staðsett á höfuðborgarsvæðinu.

Ávinningur landsbyggðarinnar af framleiðslu orku er ekki jafnaður og er það ófrávíkjanleg krafa að farið verði í afnám dreifbýlisgjalds rafmagns.

Vatnsaflsvirkjanir


- Fasteignagjöld af stöðvarhúsi
- Fasteignagjöld af vatnsréttindum

Vindaflsvirkjanir

- Fasteignagjöld af undirstöðum vindmyllna

Varmaflsvirkjanir

- Fasteignagjöld af stöðvarhúsi




Helstu niðurstöður starfsnefndar

Nærsamfélag orkuvinnslu

Nærsamfélag orkuvinnslu er það landsvæði er verður fyrir beinum og óbeinum áhrifum af orkuvinnslu, þar á meðal landsvæði undir megin flutningskerfi raforku.

Öll mannvirki og stöðug áhrif er takmarka aðra notkun á landsvæði flokkast sem bein áhrif en óbein áhrif geta verið t.d. sjónræn, jarðhræringar eða áhrif á landnotkun og vatnasvæði.



Tekjuskipting nærsamfélagsins af orkuvinnslu

Skipta þarf tekjum nærsamfélagsins af orkuvinnslu milli þeirra er verða fyrir beinum áhrifum, óbeinum áhrifum og til nærsamfélags megin flutningskerfis raforku.

Eðlilegt er að stærsti hlutinn fari til nærsamfélags er verður fyrir beinum áhrifum og nokkuð jöfn hlutföll séu milli þess svæðis er verður fyrir óbeinum áhrifum og til nærsamfélags flutningskerfisins.

Tekjustofnar nærsamfélagsins af orkuvinnslu

Tekjustofnar nærsamfélagsins af orkuvinnslu ætti að vera blönduð leið af fasteignasköttum og auðlindarentu sem hægt er að útfæra t.d. sem ákveðið gjald af framleiðslugetu eða hlutdeild í framleiðslu.

Samhliða því er nauðsynlegt að breyta lögum svo aukin hluti mannvirkja tengd orkuvinnslu séu skráð til fasteignamats og andlag fasteignaskatts.

Tryggja þarf einnig að nærsamfélag megin flutningskerfi raforku sé tryggð hluti af tekjum.

Samstaða orkusveitarfélaga

Nærsamfélag orkuvinnslu á ekki og getur ekki fórnað sinni náttúru og auðlindum án þess að njóta sanngjarns ávinnings af orkuframleiðslunni.

